



Hreppsnefnd 08.09.05

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 08. september 2005
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Halldóra S. Árnadóttir, G. Inga Geirsdóttir, Ellert Árnason, Ólafur B. Valgeirsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 25. ágúst sl.
Fundargerð hreppsnefndar frá 25. ágúst lögð fram.
Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð sameiningarnefndar frá 26. ágúst sl.
Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðahrepps frá 26. ágúst sl., vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna sem fram á að fara 08. okt. n.k. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að gerður hefði verið samningur við Þróunarfélag Austurlands um að vinna að kynningarefni fyrir kosningarnar. Um fundargerðina urðu nokkrar umræður og fyrirspurnum var svarað. Nefndin samanstendur að 2 fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi.

Lagt var til að tekin yrði á dagskrá kjör nýrrar kjörnefndar og var það samþykkt samhljóða sem 7. liður á dagskrá.

3. mál. Lánasjóður sveitarfélaga tilkynning um samþykkt stjórnar sjóðsins um lán til Vopnafjarðahrepps.

Lögð fram samþykkt Lánasjóðs sveitarfélaga, þar sem samþykkt er að veita Vopnafjarðahreppi allt að 75 m.kr. lán á kjörum sjóðsins.

Sveitarstjóri kynnti málið og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Hann lagði síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðahrepps samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga, að fjárhæð allt að 75.000.000 kr. til þess m.a. að skuldbreyta óhagstæðari lánum og jafnframt til að fjármagna framkvæmdir sem unnið er að hjá sveitarfélaginu, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004. Lán þetta skal endurgreiðast á 15 árum og ber breytilega vexti sem ákvarðaðir eru af lánveitanda, nú 4 %. Uppgreiðsla lánsins umfram umsamdar afborganir er heimil á vaxtagjaldögum.

Lántökugjald er 0,375 % af höfuðstóli lánsins.

Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Eru þær til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta, vaxtavaxta, verðbóta, lögbundinna vanskilaálaga, kostnaðar við kröfugerð, innheimtu- og málskostnaðar, kostnaðar við fjárnámsgerð og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum, svo og öllum öðrum kostnaði sem af vanskilum kann að leiða, og gildir tryggingin uns skuldin er að fullu greidd. Fyrir gjaldfallinni fjárhæð má ganga að veðinu til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða sáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1991.

Hreppsnefnd veitir jafnframt hér með, f. h. Vopnafjarðarhrepps, Þorsteini Steinssyni, sveitarstjóra, kt. 110254-4239, fullt og ótakmarkað umboð til þess að skrifa undir lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. framangreint, og önnur þau skjöl sem nauðsynleg eru til að lánessamningurinn taki gildi. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps, hvers kyns skjöl, fyrimæli og tilkynningar sem tengist lánessamningi þessum.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps og stofnana árin 2006-2008, síðari umræða. Sveitarstjóri og oddviti gerði grein fyrir fyrirliggjandi áætlunum sem lagðar höfðu verið fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 25. ágúst sl. Oddviti bar síðan upp að greidd yrðu atkvæði um þriggja ára áætlun sveitarfélagsins og stofnana þess. Var áætlunin samþykkt með 5 atkvæðum, tveir sátu hjá.

5. mál. Hugsanlegt samstarf Vopnafjarðarhrepps og Flugmálastjórnar um kaup á slökkvibíl. Lagðir fram minnisþingar frá fundi fulltrúa Flugmálastjórnar og Vopnafjarðarhrepps frá 18. maí sl., þar sem fram fóru viðræður um hugsanleg sameiginleg kaup þessara aðila á slökkvibíl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og hvernig hugmyndin væri að vinna að framgangi þess. Mikilð umræða átti sér stað um erindið og var gerð nánari grein fyrir því og ávinningi af samstarfi aðila. Lagði sveitarstjóri síðan fram svofellda tillögu:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fara í samstarf við Flugmálastjórn um kaup og rekstur á nýjum slökkvibíl. Slökkviliðsstjóra og sveitarstjóra falið að vinna að framgangi málsins í samvinnu við Flugmálastjórn. Niðurstaða þeirrar vinnu verður síðan lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.”

Tillagan var síðan samþykkt samhljóða.

6. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 10. og 11. nóv. n.k.
Lögð fram tilkynning frá Sambandi sveitarfélaga þar sem tilkynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin dagana 10. og 11. nóv. n.k. í Reykjavík.

b) Bréf Fjárlaganefndar Alþingis dags. 05. sept. sl., viðtalstímar
Lagt fram bréf frá fjárlaganefnd Alþingis þar sem tilkynnt er um viðtalstíma nefndarinnar dagana 26. og 27. sept. n.k. í Reykjavík. Jafnframt er boðið upp á fund þann 28. sept. n.k. í gegnum fjarfundarbúnað.

c) Bréf lðnaðar- og viðskiptaráðherra dags., 19. ágúst, varðandi skipan í vinnuhóp og vinnu við gerð vaxtarsamnings fyrir Austurland.
Lagt fram bréf lðnaðarráðuneytisins dags. 19. ágúst sl., varðandi skipan vinnuhóps vegna vinnu við gerð vaxtarsamnings fyrir Austurland.

7. mál: Kosning í kjörstjórn fyrir sameingu sveitarfélaga þann 08. september n.k.

Lagði oddvit til að í kjörnefnd yrðu sem aðalmenn:
Svanborg Víglundsdóttir, Baldur Kjartansson og Sigríður Edda Guðmundsdóttir.

Sem varamenn yrðu: Reynir Árnason, Hrafnhildur Helgadóttir og Birna Einarsdóttir.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00